

263. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, miðvikudaginn 21. maí 2025 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Ragnheiður Helgadóttir varamaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Hjörvar Gunnarsson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Sýlvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2501063 - Líkamsrækt á Jaðarsbökkum

Daníel S. Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja leggur fram tillögu að dagsetningu lokunar á núverandi þrekaðstöðu að Jaðarsbökkum.

Afgreiðslu málsins er frestað til næsta fundar ráðsins.

Daníel vikur af fundi.

2. 2406257 - Fundir skóla- og frístundaráðs

Ákvörðun um fundi skóla- og frístundaráðs sumarið 2025.

Fundir skóla- og frístundaráðs sumarið 2025 verða; 4. júní, 20. júní, 6. ágúst og 20. ágúst.

3. 2505168 - Reglubundin yfirferð á verkefnaskrá

Sviðsstjóri fer yfir stöðu verkefna á sviðinu.

Skóla- og frístundaráð er ánægt með framgang verkefna á sviðinu og þakkar fyrir yfirferðina.

4. 2505112 - Barnvænt sveitarfélag - lokaskýrsla og viðurkenning

Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna kynnir fyrir skóla- og frístundaráði lokaskýrslu Akraneskaupstaðar um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í gegnum verkefnið Barnvæn sveitarfélög.

Akranes mun hljóta formlega viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag þann 2. júní 2025.

Skóla- og frístundaráð fagnar því að áfanginn sé í höfn og að Akranes verði formlega Barnvænt sveitarfélag og færir þakkir til allra þeirra sem komið hafa að verkefninu með einum eða öðrum hætti.

Sólveig vikur af fundi.

5. 2505167 - Málefni leikskólastigsins 2025

Samtal skóla- og frístundaráðs við áheyrnarfulltrúa leikskóla um fyrirkomulag

skráningardaga fyrir næsta starfsár og framtíðarþörf leikskólaplássna í sveitarfélaginu.

Íris G. Sigurðardóttir leikskólastjóri, Sýlvía Hera Skúladóttir fulltrúi starfsfólks leikskóla og Hjörvar Gunnarsson fulltrúi foreldra sitja fundinn undir dagskrárliðum 5 og 6.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir gott samtal. Málið verður tekið upp aftur á næsta fundi ráðsins.

Íris, Sýlvía Hera og Hjörvar víkja af fundi.

6. 2408055 - Invest in play - Tengjumst í leik

Verkefnastjóri fer yfir framgang og árangur foreldranámskeiðanna Tengjumst í leik sem leikskólar Akraneskaupstaðar hafa boðið upp á í vetur.

Fyrstu niðurstöður benda til að foreldrar sem sitja námskeiðið upplifi minni streitu í foreldrahlutverkinu. Einnig benda niðurstöður til þess að það dragi úr krefjandi hegðun barna eftir að foreldrar sitja námskeiðið. Foreldrar eru ánægðir með námskeiðin og leikskólastarfsfólk líka.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góða kynningu og fagnar þeim marktæka árangri sem námskeiðin er að sýna. Hér er um að ræða öflugt forvarnarverkefni sem styður vel við áherslur Akraneskaupstaðar um farsæld barna og fjölskyldna.

Áheyrnarfulltrúar leikskóla víkja af fundi.

7. 2008109 - Verklagsreglur um starfsemi leikskóla- endurskoðun

Kynning á drögum að innra verklagi í tengslum við framkvæmd Verklagsreglna um starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.